

Alþingi
Erindi nr. D 138/2605
komudagur 31.5.2010



Nefndasvið Alþingis
Kristjana Benediktsdóttir
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 28. maí 2010
Tilvísun: 2010050027/90.12
KK/SE/MBS/BH
Tilv. ykkar: 06.05.2010.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 (lengri úrskurðarfrestur ráðherra), 514. mál.

Með tölvupósti dags. 6. maí 2010 er óskað eftir umsögn Vegagerðarinnar um ofangreint frumvarp. Breyting sem hér er lögð til hefur þau áhrif að frestur umhverfisráðherra til að úrskurða um kæru, sem skotið er til ráðherra skv. 14. gr. laganna, lengist í 3 til 6 mánuði eftir umfangi máls.

Það hefur verið reynsla Vegagerðarinnar undanfarin ár að frestir ráðherra til að úrskurða um kærumál hafa ekki staðist í framkvæmd. Með frumvarpinu er tekin sú afstaða að lengja þurfi frest ráðherra til að úrskurða fremur en að auka málshraða. Vegagerðin bendir á að auka mætti málshraða t.d. með því að einfalda málsmeðferð. Í sumum tilvikum er óskað umsagnar um kæru frá sama umsagnaraðila og áður hefur fjallað um mál með ítarlegum hætti. Liggur þá gjarnan fyrir afstaða viðkomandi umsagnaraðila til kæruefnisins með beinum eða óbeinum hætti. Vegagerðin hefði talið þann kost æskilegri að leita leiða til að auka málshraða fremur en að fara þá leið sem frumvarpið mælir fyrir um. Allur dráttur á því að niðurstöður fái um kærur samkvæmt lögnum getur valdið því að mat dragist á langinn og framkvæmdir tefjist þar með. Bent hefur verið á að málsmeðferð vegna undirbúnings framkvæmda hafi lengst mikið með sífellt flóknara leyfisveitingaferli og kærumöguleikum. Brýnt er að mati Vegagerðarinnar að leitað sé allra leiða til að stytta málsmeðferðartíma fremur en að lengja hann.

Með vísan til framangreinds leggur Vegagerðin til að vandlega verði skoðað hvort unnt sé að grípa til ráðstafana til að einfalda málsmeðferð og flýta þar með málum fremur en að lengja úrskurðarfrest ráðherra.

Virðingarfyllst,

Hreinn Haraldsson,
vegamálastjóri.